



Bræður opna nýja hringrásarverslun á Selfossi

Bræðurnir Styrmir Jarl Rafnsson og Hlynur Snær Jóhannesson opnuðu nýja hringrásarverslun í Hrísmýri 5 á Selfossi 9. janúar sl. Hún ber nafnið Venus og þar gefst fólki tækifæri til þess að gefa fötunum sínum nýtt líf. Verslunin er í formi básaleigu og getur hver sem er pantað bás. Dagskráin fór og kynnti sér starfsemina.

Ætla að ná ferðamönnum af þjóðvegnum

Styrmir segir markmiðið að ná ferðamönnum inn af þjóðvegnum þar sem umferðin sé mikil fram hjá versluninni og byggingin stór og augljós með nóg af bílastæðum. Þeir vilja einnig að heimamenn geti átt fleiri möguleika á að selja fötin sín á Selfossi í stað þess að þurfa að keyra til Reykjavíkur þar sem það geti verið töluverð vinna að hugsa um svona bás.

Strákarnir segja viðtökur verslunarinnar hafa verið frábærar. „Fólk er að elska þetta og er alveg að dásama verslunina sem okkur finnst mjög fallegt því við erum búnir að leggja mjög mikið í þetta síðustu mánuði,“ segir Styrmir.

Aðspurðir að því hvaðan þeir fengu hugmyndina að nafninu Venus fannst þeim það einfaldlega hljóma vel. „Við gátum tengt það við rómversku gyðjuna og plánetuna Venus,“ segir Hlynur.

Vilja ekki ódýr föt frá Kína

Bræðurnir segja verslanir eins og þessa vera mjög mikilvægar fyrir samfélagið. „Þetta kemur fötunum aftur í umferð. Fólk getur keypt þetta á góðu verði og aðrir eru að græða á sama tíma. Þú ert að fá eitthvað fyrir fötin þín aftur og þau eru að nýtast aftur. Það sem þú ert hætt

að nota getur verið gersemi fyrir annað fólk,“ tekur Styrmir fram.

Hægt er að selja ýmislegt í Venus. Föt eru vinsælust en einnig er hægt að selja skó, tóskur, trefla og aðra fylgihluti. „Þetta er svona 14+. Við erum ekki mikið að selja borðspil eða bangsa eða eitthvað svoleiðis dót og alls ekki eitthvað sem er keypt ódýrt frá Kína til að selja strax aftur,“ segir Hlynur. Styrmir bætir við að þeir vilji ekki fá vörur frá Shein eða Temu sem selji hræðýrar vörur í vöndum gæðum.

„Það má alveg koma með vörur úr H&M eða Zöru eða eitthvað og selja þær á eitthvað klink til þess að koma fötunum aftur í umferð, en ekki einhverjar nýjar hræðýrar vörur sem eru bara drasl og „fast fashion“,“ segir Hlynur að lokum.

EHI

Bergrós og Hákon kosin íþróttafólk Árborgar 2024

Miðvikudagskvöldið 8. janúar fór hin árlega uppskeruhátíð fræðslu- og frístundarnefndar Árborgar fram á Hótel Selfossi.

Þó nokkur fjöldi fólks var mættur til þess að fagna því flotta íþróttafólki sem Árborg á.

Til íþróttafólks Árborgar voru að þessu sinni 24 aðilar tilnefndir, 11 konur og 13 karlar. Kosningin er með því sniði að sérstök valnefnd kys og hefur 80% vægi á móti 20% vægi netkosningar.

Kosningin hjá konunum fór þannig að Bergrós Björnsdóttir lyftingakona sigraði með 100 stig, í 2. sæti varð Perla Ruth Albertsdóttir handknattleikskona með 51 stig og í 3. sæti varð Bryndís Embla Einarsdóttir frjálsíþróttakona með 42 stig. Hjá körlunum var það Hákon Þór Svavarsson skotíþróttamaður sem varð hlutskarpastur með 90 stig, í 2. sæti varð Alexander Adam Kuc motocrossmaður með 42 stig og í 3. sæti

varð Aron Emil Gunnarsson kylfingur með 39 stig.

Einnig voru veittir styrkir úr afreks- og styrktarsjóðum Umf. Selfoss, Golfklúbbs Selfoss og Árborgar. Sjóðnum er ætlað að styðja enn betur við einstaklinga og hópa sem náð hafa umtalsverðum árangri í íþrótt sinni.

Þá hlaut Körfuknattleiksfélag Selfoss Hvatningarverðlaunin fyrir að endurvekja meistaraflokk kvenna hjá félaginu. Liðið er byggt á grunni kvenna af svæðinu auk þess að ungir og efnilegir iðkendur úr yngri flokkunum hafa fengið tækifæri til æfinga og keppni með meistaraflokknum. Markmiðið er að efla möguleika kvenna til þess að stunda íþróttina áfram þegar grunnskólagoöngu lýkur auk þess að búa til fyrirmyndir fyrir unga iðkendur félagsins. Þá er von til þess að iðkenda-fjöldi stúlkna muni aukast hjá körfuboltanum með tilkomu meistaraflokks.



Fáðu fagmann í verkið

Framúrskarandi fyrirtæki 2024

PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656

NÝR TOYOTA PROACE



Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000



Toyota
Selfossi

Leikfélag Rangæinga setur upp Klerkar í klípu

Leikfélag Rangæinga hefur Lákveðið að setja upp verkið Klerkar í klípu eftir Philip King. Leikstjóri verður Gunnsteinn Sigurðsson og er þetta annað leikverkið sem hann setur upp hjá félaginu. Fyrirhugað er að frumsýna um miðjan mars og hefst undirbúningur verksins 13. janúar í Námsverinu á Hellu klukkan 20. Öll eru velkomin að vera með því að baki hverju leikverki þurfa margar hendur að koma við sögu.

Leikritið Klerkar í klípu fjallar um Penelópu, prestfrú og fyrrum leikkonu, sem bregður sér af bæ með fyrrum leikfélaga sínum, sem dulbýr sig sem prestur til að þekkjast ekki. Þegar þau koma heim til hennar á ný er frændi hennar þar staddur og heldur að vinurinn sé presturinn, eiginmaður frúarinnar. Þegar sá kemur líka heim upphefst mikið fars og skánar ekki þegar þýskur stríðsfangi birtist, einnig í prestgerfi.



Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi eystra



Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi tillaga að deiliskipulagi í Rangárþingi eystra.

Bórólfsfell - nýtt deiliskipulag

Deiliskipulagstillagan tekur til 10 ha svæðis að Felli, L188953. Heimilt verður að viðhalda núverandi skála eða endurbyggja, hámarksstærð verður allt að 120 m², 45 m² skálavarðarhúsi með geymslu auk þess að heimilt verður að byggja umhverfis rafstöð. Mænishæð verður allt að 6 m. miðað við gólfkóta.

Bólstaður - nýtt deiliskipulag

Deiliskipulagstillagan tekur til 3,5 ha svæðis við Bólstað sem tilheyrir Þjóðlendunni að Fljótshlíðararfrétt, L233962. Heimilt verður að viðhalda núverandi skála eða endurbyggja, hámarksstærð verður allt að 120 m², 45 m² skálavarðarhúsi með geymslu auk þess að heimilt verður að byggja umhverfis rafstöð. Mænishæð og þakform er frjálst.

Emstrur - nýtt deiliskipulag

Deiliskipulagstillagan tekur til 3 ha svæðis við Emstrur, Mosa sem tilheyrir Þjóðlendunni að Emstrur, L233955. Heimilt verður að viðhalda núverandi skála eða endurbyggja, hámarksstærð verður allt að 100 m², 45 m² skálavarðarhúsi með geymslu auk þess að heimilt verður að byggja allt að 30 m² við núverandi hesthús. Gæta skal samræmis í útliti allra bygginga á staðnum. Mannvirki skulu felld að landi eftir því sem hægt er.

Ofangreindar tillögur er hægt að skoða á heimasíðu Rangárþings eystra, á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar og á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa frá 15. janúar 2025. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við tillögurnar og er athugasemdarfrestur veittur til og með 27. Febrúar 2025. Athugasemdum skal skila í gegnum Skipulagsgáttina eða skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra að Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

Ný siglingaleið Cargow Thorship til Þorlákshafnar

9. janúar sl. var undirrituð viljayfirlýsing flutningafyrirtækisins Cargow Thorship og sveitarfélagsins Ölfuss, með samþykki Hafnarstjórnar Þorlákshafnar, um frekari uppbyggingu á hafnarvæðinu og áætlunarsiglingar Cargow Thorship til Þorlákshafnar sem hefjast munu síðar á árinu.

Kemur þetta fram á ölfus.is. Með samkomulaginu skuldbindur sveitarfélagið sig til þess að skapa við höfnina fyrsta flokks aðstöðu fyrir afgreiðslu vöruflutningaskipa og gámapjónustu. Cargow Thorship skuldbindur sig til þess að nota aðstöðuna sem meginhöfn á Íslandi á nýjum siglingarleiðum sínum á milli Íslands og meginlands Evrópu. Ný og aukin siglingaáætlun verður kynnt á komandi mánuðum.

Markmið sveitarfélagsins með þessu samkomulagi er að efla Þorlákshöfn enn frekar sem vöruflutningahöfn fyrir sjöflutninga til og frá landinu. Á því sviði telur sveitarfélagið sig sérstaklega vel í sveit sett. Náttúrulegar aðstæður með miklu dýpi gera getu hafnarmannvirkjanna til þess að taka stór fragtskip að bryggju og þjónusta þau á rúm-góðu gámasvæði einkar góða. Staðsetningin á suðvesturhorni landsins með greiðfærar samgönguæðar við atvinnulíf á

höfuðborgarsvæðinu býður einnig upp á margvísleg tækifæri til aukinna umsvifa.

„Hér í Ölfusi vinnum við út frá þeim forsendum að verðmætasköpun sé forsenda velferðar. Þetta samkomulag er næsta rökrétta skrefið í uppbyggingu hafnarþjónustu í Þorlákshöfn og með þessu erum við að tryggja enn betur hlutverk hafnarinnar sem lykilþáttar í blómlegu atvinnulífi hér á Suðurlandi. Aukin starfsemi hafnarinnar hefur ætíð verið beintengd við vöxt og velferð samfélagsins hér í Þorlákshöfn og því er frábært að fá þetta trausta fyrirtæki Cargow Thorship til þess að hefja áætlunarsiglingar af þessari stærðargráðu hingað. Ég er viss um að samstarfið verður farsælt og efast ekki um að félagið muni festa enn frekari rætur í sveitarfélaginu á komandi árum,“ segir Elliði Vignisson, bæjarstjóri Ölfuss.

Cargow Thorship hefur sinnt

áætlunarsiglingum og flutningsmiðlun í u.þ.b. sautján ár. Félagið hefur vaxið hratt í gegnum árin og að undanförunu hefur ýmsum möguleikum til umfangsmikillar frekari stækkunar verið velt upp. Niðurstaðan varð sú að gera Þorlákshöfn að þungamiðju flutningastarfseminnar, bæði vegna hagstæðrar staðsetningar og möguleika á áframhaldandi vexti þegar til lengri tíma er litið.

„Við höfum sett stefnuna á verulega stækkun starfseminnar og undirstrikum þann ásetning með því að gera Þorlákshöfn að okkar meginhöfn í gámaflutningum á Íslandi. Siglingaleiðin þangað er styttri en inn til Reykjavíkur og samgöngur til og frá höfninni eru góðar. Samkomulagið er stórt skref í uppbyggingu og þróun félagsins og væntum við góðs ávinnings af því fyrir viðskiptavinum okkar,“ segir Stefán Héðinn Stefánsson, forstjóri Cargow Thorship.



Engar forsendur til að fjalla um virkjanakosti í sveitarfélaginu

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps fór yfir málefni vindorkuverkefnis Hrutámúlavirkjunnar á síðasta sveitarstjórnarfundum.

Í samráðsgátt stjórnvalda er í fyrra umsagnarferli drög að tillögum verkefnisstjórnunar 5. áfanga rammaáætlunar er varðar flokkun 10 vindorkuverkefna. Eitt af þeim vindorkuverkefnum sem er fjallað um er Hrutámúlavirkjun sem er á jörðinni Skáldabúðum í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Vék af fundinum

Gunnar Örn Marteinson, nefndarmaður, vék af fundinum þegar kom að þessu málefni.

„Ég er ósáttur við þær miklu hugmyndir sem uppi eru um uppbyggingu vindorkuvera á Íslandi og tel að nauðsynlegt sé að marka skýra stefnu um hvar á landinu kemur til greina að reka slíka starfsemi áður en teknar verða frekari ákvarðanir í þeim efnum,“ segir Gunnar í bókun fundarins.

„Einn af þeim vindorkuverkostum sem til umfjöllunar eru í verkefnastjórn rammaáætlunar er Hrutámúlavirkjun, þær myllur sem næst munu standa mínu heimili eru í um 4 til 5 km fjarlægð og vindorkuverið er staðsett í nánast sömu hæði yfir sjó og munu spaðar þess ná í um 200 metra hæð. Það er því ljóst

að komi til þess að þetta orkuver verði reist mun það þýða verðfall eigna minna eins og dæmin frá nágrannalöndum okkar sýna, auk þess sem það mun hafa neikvæð áhrif á frekari möguleika til uppbyggingar í ferðapjónustu bæði hjá mér og víðar á svæðinu eins og til dæmis í Árnesi,“ segir Gunnar einnig.

Hann áskilur sér rétt til að koma að málinu ef það kemur til umfjöllunar síðar í sveitarstjórn en mun áður en til slíks kæmi leita álits um hæfi sitt hjá lögfræðingum Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Algjör forsenda að klára stefnumörkun í staðarhaldi og eignarhaldi

Að mati sveitarstjórnar eru engar forsendur til þess að verkefnastjórn rammaáætlunar fjalli um virkjanakosti í sveitarfélaginu án þess að formlega hafi verið fjallað um verkefnið í sveitarstjórn. Verkefnið hefur mætt töluverðri andstöðu í

nærnsamfélaginu, enda hefur það fengið litla kynningu og umfjöllun. „Hrutámúlavirkjun myndi hafa veruleg neikvæð sjónræn áhrif, bæði í Skeiða- og Gnúpverjahreppi en einnig í nærliggjandi sveitarfélögum eins og Hrunamannahreppi þar sem engin kynning hefur átt sér stað á virkjanakostinum,“ segir í fundargerð sveitarfélagsins.

Einnig var talað um að sú umgjörð sem fráfarandi ríkisstjórn skapaði í undirbúningi vindorkuvera, þar sem engin stefnumörkun hefur verið tekin hvorki um staðarval né eignarhald, hafi orsakað mikla reiði í nærnsamfélagum mögulegra vindorkuvera um land allt. „Það er algjör forsenda að ríkisstjórnin klári stefnumörkun í staðarvali og eignarhaldi ásamt því að klára tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga áður en lengra verður haldið,“ segir að lokum.

Sveitarstjórn felur oddvita að skila inn umsögn sveitarstjórnar í samráðsgátt stjórnvalda.





SUMAR 2025

Sumarstörf hjá Landsvirkjun

Við leitum að kraftmiklu ungu fólki í fjölbreytt störf sumarið 2025.

Kynntu þér hvað er í boði og sæktu um á
landsvirkjun.is/sumarstorf2025



Minningarorð Ólafur Ólafsson, Hvolsvelli 1924-2024

Ljóðadísín, ljúf og mæt
lætur vaða á súðum.
Einkanlega er hún sæt
við okkur hér á Flúðum. ÓÓ

Ólafur Ólafsson var fulltrúi Rangæinga á árlegu móti hagrörðinga á Flúðum 1994, en mótið var ið 6. í röð 24 móta sem flugu milli landshluta á árunum 1989 – 2012. Ólafur átti eftir að taka enn meiri þátt í þessum vísnamálum því hann, fulltrúi Sunnlendinga, stóð fyrir 16. mótinu á Hvolsvelli árið 2004 og kvað þar um heimasveitina:

Á Suðurlandi er fagurt flest
sem fyrir ber í heiði og dal
en Eyjafjöllin eru best
með allt sitt mikla fossaval. ÓÓ

Á mótinu 2004 tók Ragnar Böðvarsson við stöðu Ólafs og varð þá fulltrúi Sunnlendinga í landsnefndinni.

Ragnar kvittaði fyrir með vísu:
Þetta verði nothæf nefnd
nefnd sem vinnur enga skemmd.
Þessi verði orð mín efn
efnd svo vaxi Braga fremd. RB

Ólafur náði tíræðisaldri, var ódeigur kappi eins og Rangæingi sæmði, stýrði kaupfélagi, hóteli og mörgum málum heima í héraði og kom fúslega til



liðs við kvæðamenn þegar þeir kögruðu land með ljóðum, allt vestan frá Núpi og austur á Djúpa-vog. Þeir eru margir horfnir yfir móðuna, þ.á.m. skólafélagar Jóa í Stapa sem hittust á þriðja mótinu vestur í Dölum, fylgdust að um Skúlagarð og Hallormsstað en einhverjir röltum við þó enn, sem urðum þeim förunautar, en áttum stundum fullt í fangi að skrá vísur þeirra hraðkvæðustu.

En allir dagar eiga kveld og nú kveðjum við þennan góða féлага okkar, Ólaf kaupfélagsstjóra á Hvolsvelli sem tók með okkur þátt í merku félags- og menningarstarfi.

Ingi Heiðmar Jónsson

MÍMIR NEMENDAFÉLAG MENNTASKÓLANS AÐ LAUGARVATNI

UMSJÓN:
SÆBJÖRG ERLA GUNNARSDÓTTIR
OG IRIS DRÖFN RAFNSDÓTTIR

NEMENDUR ML FAGNA NÝJU ÁRI

SÆLIR SUNNLENDINGAR, OG GLEÐILEGT ÁRIÐ!

Með nýju ári fylgir ný skólaönn hjá nemendum við Menntaskólann að Laugarvatni. Eftir langt og notalegt jólafrí hefur skólinn hafist á ný, mörgum til mikils léttis. Nemendur mættu á heimavistur aftur seinnipart dags þann 5. janúar og komu sér fyrir og hófu endurfund með skólafélögum. Hefðbundinn skóladagur hófst svo daginn eftir. Nemendur eru fljótir að finna sér eitthvað til skemmtunar og í síðustu viku var haldin hæfileikakeppni ML-inga, Diddinn svokallaður, þar sem nemendur fengu að sýna einstaka hæfileika sína. Þarna mátti sjá harmónikkuleik, yoga-kennslu, trompetleik og svo voru margir sem nýttu sér einfaldlega sönghæfileika sína. Þetta var svo sannarlega góð leið til að hefja nýtt skólaár. Þessi önn leggst heldur betur vel í nemendur og megi vorið koma senn með hækandi sól.

Sæbjörg Erla Gunnarsdóttir,
ritnefndarformaður Stjórn Mímis.



Myndir: Iris Dröfn Rafnsdóttir

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraveggi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.

Ritstjóri: Elín Hrönn Jónsdóttir, sími 856 0673, hrönn@dfs.is.

Blaðamaður: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.

Auglýsingaheild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.000 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar systur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



Gáta vikunnar

Vísnaðgátur-höf:
Páll Jónsson
Útg. Bókautgáfan HÖLAR

Orðið þýðir hérna niðimm nótt, nær hún mig að verja oft í framan. Snjór að hausti er landið fylgar fljótt, frá mér staf þá passa orðin saman.

Svar við gátu í blaði 2784: ÓÐ

1. Óð yfir lækinn - 2. Söng ástaróð
3. Konan var óð - 4. G-óð



Indverskur lambapotttréttur

Sigurður Kristmundsson er matgæðingur vikunnar.



Ég vil byrja á því að þakka Ægi Þór kærlega fyrir þessa áskorun. Þetta er svo sannarlega áskorun þar sem kraftar mínir eru geymdir á betri stað heldur en í eldhúsinu. Það er þó engin furða að hann hafi hugsað upp til sveita þegar kom að því að velja næsta aðila þar sem hann er mikið sveitabarn og unír sér þar vel.

Ég ætla að koma með lambapotttrétt sem móðir mín Sigrún Guðlaugsdóttir á allan heiður af.

Þessi réttur er einfaldur og bragðgóður og tilvalinn til að krydda upp á skammdegið.

1 kg lambagúllas – steikt og svo bætt við 5 dl af vatni, suða sett af stað
½-1 þúrrlaukur
1 laukur
2 græn epli
3 pressuð hvítlauksrif
Saxað og sett í pottinn

1 msk indverskt karrý
3-4 matskeiðar tómatur
2 msk sojasósa
1 vegleg tsk af cumin
1 stk kjötkraftur
Salt og pipar

Allt þetta soðið saman í 45 mínútur.

Þá er sett ½ líter af rjóma ásamt 2 msk af mango chutney og 1-3dl af vatni ef þarf.

Soðið áfram í 15 mínútur.

Berist fram með snittubrauði, hrísgrjónum, bönunum, kókosmjóli, salthnetum og hrásalati.

Ég vill síðan skora á mikin matgæðing og meistara kokk hann Eirík Arnarsson að deila með okkur sinni uppskrift. Engin verður svikin af því að vera boðin í mat til Eiríks þar sem hann býður bragðlaukum mans í ferðalag

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

FSu og ML unnu í fyrstu umferð Gettu betur

Gettu betur, spurningakeppni framhaldsskólanna, hefur hafið göngu sína. Lið Fjölbrautaskóla Suðurlands og Menntaskólans að Laugarvatni kepptu í 1. umferð keppinnar 10. janúar og unnu bæði lið sigur úr bítum og eru komin áfram í 16- liða úrslit.

FSu unnu öruggan sigur á móti Framhaldsskólanum á

Laugum, 29-18. Lið FSu skipa Hrafnhildur Svava Sigurðardóttir, Valgeir Gestur Eysteins-son og Heimir Árni Erlendsson.

Menntaskólinn að Laugarvatni fagnaði naumum sigri á móti Menntaskólanum á Ísafirði, 14-12. Lið ML skipa þau Hjördís Katla Jónasdóttir, Ragnar Dagur Hjaltason og Guðjón Árnason.



Lið FSu (f.v.) Valgeir Gestur, Heimir Árni og Hrafnhildur Svava. Ljósmynd: RÚV/Margrét Júlía Ingimarsdóttir.



Lið ML (f.v.) Guðjón, Hjördís Katla og Ragnar Dagur. Ljósmynd: RÚV/Margrét Júlía Ingimarsdóttir.

Kia EV3

Frumskýndur á laugardag kl. 12-16



Movement that inspires

Frumskýndur um land allt.

EV3 hefur verið beðið með mikilli eftirvæntingu og nú loksins getum við svipt hulunni af þessum brautryðjandi rafbil.

Kia EV3 var d gunnum öru sæti vali b l rsins 2025, en hann kemur með allt að 605 km drægni, 460L farangursr mi, hleðslugetu fr 10-80% 31 m nutu og margverðlaunaðari h nnun Kia.

Ekki missa af frumsýningu Kia EV3 slandi.

Við t kum vel m tí þ r s ningarsal okkar að Hr sm ri 3.

Verð fr
5.290.777 kr.
með rafb lastyrk**



B ílasala Selfoss · Hr sm ri 3, 800 Selfoss · S mi 480 4000 · bilasalaselfoss.is
S luaðili Kia slandi.

* Forsendur byrgðar eru reglulegt þj nustueftirlit sem kaupandi ber kostnað af. Lestu meira um byrgðina www.kia.com/abyrgd
** N nari uppl singar orkustofnun.is/orkuskipti/orkusjodur/rafbilastyrkir

ÞJÓNUSTA



Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND



KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnsur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddy ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta



Hafðu samband
og fáðu tilboð í
auglýsingar í blaðið
og á vefinn.

Sími 482 1944
auglysingar@dfs.is

FÉLAGSSTÖRF



SKRIFSTOFA FEBSEL

Opin fimmtudaginn
16. janúar kl. 13:00-14:30

OPIÐ HÚS

Fim. 16. janúar kl. 14:45
HANDBOLTAKAPPAR OG TENGSL
ÞEIRRA VIÐ SELFOSS. FYRSTI
LEIKUR Á HEIMSMEISTARAMÓTINU.

Kaffi 200 kr.
Kaffi og kökur 1500 kr.

FUNDIR



Krabbameinsfélagið

OPNUNARTÍMAR

Mán. kl. 11-14
Opíð hús

Þriðjud. kl. 14-16
Unga fólkið 18 til 45 ára

Miðvikudaga kl. 11-14
Opíð hús

Fimmtudaga kl. 11-14
Upprekjur

Föstudaga kl. 11-14
Opíð hús

Hægt er að panta viðtöl í
annan tíma ef þessir tíma
henta ekki.

Allir viðburðir auglýstir á
Facebook-síðu Brosins.

Sími 482 1022 / 788 0300

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á aðfangadag
og gamlársdag kl. 12:00,
Hrishiolti 8. Nýliðafundir falla
niður en nýliðar eru velkomnir
á Al-Anon fund.

AA

Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opin fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrishiolti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krosus.
Poniedzialek i czwartek i sobota
godzina 19:00. Hrishiolti 8 - 800
Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters anonymous alla
þriðjudaga kl. 19 Hrishiolti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrishiolti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni
Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1,
Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, neðri
hæð, miðvikudaga kl. 19:30.

Hanna Rún og Árni Björn íþróttafólk Rangárþings ytra

Íþróttafólk Rangárþings ytra
Lvar verðlaunað við hátiðlega
athöfn í safnaðarheimilinu á
Hellu 11. janúar síðastliðinn.
Fjöldi viðurkenninga var veittur.
Það er Heilsu-, íþrótt og tóm-
stundanevnd Rangárþings ytra
sem kallar eftir tilnefningum
og sér um að úthluta viðurken-
ningum.

Fjöldi fólks var mættur til
að fagna með sínu fólki og
kvenfélagið Unnur bauð upp á
heimabakað kvenfélagskaffi.

KIRKJA

Skálholtsdómkirkja

Fjölskylduguðsþjónusta fyrir allt
prestakallið verður sunnudaginn
19. janúar kl. 11. Mikill söngur
og gleði, kaffi og meðlæti eftir
athöfn. Sr. Kristín Þórunn, Berg-
þóra djákni og Jón dómorganisti
þjóna og leiða helgihaldið. Innli-
ega velkomin!

Hveragerðiskirkja

Guðsþjónusta kl. 11. Prestur
Axel Á Njarðvík, héraðsprestur.
Organisti Miklós Dalmay. Kirkju-
kór leiðir söng. Verið velkomin.

Kotstrandarkirkja

Guðsþjónusta kl. 14. Prestur
Axel Á Njarðvík, héraðsprestur.
Organisti Miklós Dalmay. Kirkju-
kór leiðir söng. Verið velkomin.

Selfosskirkja

Kvöldmessa kl. 20:00 sunnu-
daginn 19. janúar. Kirkjukórinn
syngur og spilar, tónlistin verður
létt og ljúf. Kórstjóri Edit A.
Molnár, prestur Guðbjörg
Arnardóttir.

Sunnudagaskólinn á sínum
stað kl. 11:00, umsjón Sjöfn og
leiðtogar.

Kyrrðarþæn þriðjudaga kl.
12:00 og morgunþæn miðviku-
daga kl. 10:00.

Fyrsta þriðjudagssamvera
vetrarins þriðjudaginn 21. janúar
kl. 14:00. gestur Sólveig Lára
Guðmundsdóttir fyrrum vígslu-
biskup á Hólum.

Eyrarbyggjakirkja

Messa sunnudaginn 19. janúar
kl. 11:00. Kammerkór Eyrar-
byggjakirkju syngur, organisti
Guðný Alma Haraldsdóttir,
prestur Guðbjörg Arnardóttir.

Gaulverjabæjarkirkja

Messa sunnudaginn 19. janúar
kl. 14:00. Kirkjukórinn syngur,
organisti Haukur Arnarr Gíslason,
prestur Guðbjörg Arnar-
dóttir.

HEILSA

Energy Touch
- Nudd
- Heildræn
meðhöndlun

Yoga Nidra
3, 5, og 7. feb.

Göggu leikfimi
m/Jane Fonda ivafi
5. og 7. feb.

Ragnhildur
Sigurðardóttir
Sími 693 2197
ragnhildurgagga.is



Cand.mag. í íþróttfræðum,
nálistungur, yoga,
NLP-master/coach,
heilsunáðari,
Hugræn atferlismeðferð,
meta medicine.

Íþróttakona Rangárþings ytra
árið 2024 er Hanna Rún Ingi-
bergsdóttir. Hún hlaut titilinn
„Gæðingaknapi Geysis“ hjá fé-
laginu fyrir árið 2024. Árangur
hennar á keppnisbrautinni var
eftirtektarverður þar sem hún
kom fram með gríðarlegan
fjölda hrossa en það sem stóð
hæst var án nokkurs vafa 3. sæti
í A-flokki á Landsmóti hesta-
manna á hestinum Sirkus frá
Garðshorni á Þelamörk. Hanna
Rún hefur einnig tekið virkan
þátt í reiðkenndu hjá félaginu
við virkilega góðan orðstír og
er hún því skýrt dæmi um fyrir-
mynd innan sem utan vallar.
Hanna Rún tók virkan þátt í
keppni á árinu 2024 með góðum
árangri í nánast öllum greinum
hestaíþróttarinnar. Hanna Rún
var valin í A-landslið Íslands
í hestaíþróttum fyrir komandi
tímabil.

Íþróttakarl Rangárþings ytra
árið 2024 er Árni Björn Pálsson.
Hann er fjölhæfur afreksknapi
og var árangur hans á árinu
2024 ótrúlegur. Hæst ber að
nefna sigur í A-flokki gæðinga
á Landsmóti þar sem hann og
Álfamær áttu frábærar sýningar
en þau eru einnig í þriðja sæti
á stöðulista í gæðingaskeiði.
Átti Árni Björn einnig eftir-



Hanna Rún og Árni Björn.

minnilegar sýningar á Seðli frá
Árbæ í A-flokki. Árni Björn er
Íslandsmeistari í tölti á Kastaníu
frá Kvistum, hlutu þau silfur-
verðlaun á Landsmóti í sömu
grein og eru eftir á WR-listanum
í þessari grein í ár. Hann náði
góðum árangri á skeiðbrautinni
á hestum sínum Ögra frá Horni
og Þokka frá Varmalandi. Árangur
Árna var ekki einungis á keppnisvellinum heldur stóð
hann sig vel á kynbótabraut-
inni. Hann sýndi 78 hross í
kynbótadómi í 106 sýningum
með frábærum árangri og átti
margar eftirminnilegar sýningar
á árinu. Árni Björn Pálsson er
einstakur afreksknapi, sönn fyr-
irmynd fyrir elju sína, jákvæðni
og fagmennsku í hvívetna og
hann hlaut nafnbótina Knapi
ársins 2024 á uppskeruhátíð
Landssambands hestamanna-
félaga og deildar hrossabænda
innan BÍ.



Jón Ragnar Björnsson, Berglind Kristinsdóttir, formaður markaðs-, menningar- og jafnréttismálanefndar, Pálína S. Kristinsdóttir og Eggert Valur Guðmundsson, oddviti.

Pálína valin samborgari ársins

Kaffisamsæti eldri borgara í
Rangárþingi var haldið að
Laugalandi í Holtum 11. janúar
sl. Þetta er í þriðja sinn sem
sveitarfélagið býður eldri borg-
urum að hitta kjörna fulltrúa,
þiggja kaffiveitingar og njóta
tónlistaratriða saman. Á milli 60
og 70 gestir mættu.

Hefð er fyrir því að heiðra
samborgara ársins á þessari
samkomu og í ár var það Pálína
S. Kristinsdóttir sem hlaut titilinn.
Að auki hlaut Jón Ragnar
Björnsson sérstaka viðurkenningu
fyrir vel unnin störf í þágu
eldri borgara og sveitarfélagsins.

Markaðs-, menningar- og
jafnréttismálanefnd kallaði eftir
tilnefningum íbúa síðastliðð
haust og barst fjöldi tilnefninga.
Pálína hlaut flestar tilnefningar
að þessu sinni og er vel að heið-
rinum komin.

Pálína hefur staðið vaktina
á Landvegamótum um áratuga-
skeið og þjónustað sveitunga og

ferðalaga með bros á vör, lengst
af samhlíða Bergi eiginmanni
sínnum heitnum. Landvegamót
hafa í gegnum árin verið
mikilvægur samkomustaður þar
sem allir eru velkomnir. Pálína
hefur ekki síst tekið börnunum
í sveitarfélaginu opnum örmum
og hafa mörg ungmenni stigið
sín fyrstu skref á vinnumarkaði
á Landvegamótum.

Í viðurkenningu Pálínu segir
að hún búi yfir einstakri þjón-
ustulund og eljusemi sem eftir
er tekið og stendur enn vaktina.

Jón Ragnar var um árabíl ein-
stakur félagi og drifkraftur í Fé-
lagi eldri borgara í Rangárvalla-
sýslu. Einnig fær hann viður-
kenningu fyrir störf sín í þágu
sveitarfélagsins sem meðlimur
í markaðs-, menningar- og jafnréttismálanefnd á yfirstandandi
kjörtímabili.

Í viðurkenningu Jóns segir að
hann búi yfir einstakri framsýni,
jákvæðni og eljusemi sem eftir
er tekið.

Hveragerðisbær skorar á Veitur

Bæjarráð Hveragerðisbæjar skorar á Orkuveitu Reykjavíkur (Veitur) að tryggja Hvergerðingum, fyrirtækjum og stofnunum í bænum afhendingaröryggi á heitu vatni.

Kemur þetta fram í fundargerð frá síðasta fundi bæjarráðs.

Síðustu ár yfir vetrarmánuðina og núna frá því í byrjun desember 2024 hefur verið viðvarandi skortur á heitu vatni í sveitarfélaginu, nú vegna bilunar í einni borholu. Í upphaflegri tilkynningu frá Veitum kom fram að viðgerðin tæki einhverja daga hið minnsta. Nú meira en mánuði síðar ber enn við skorti á heitu vatni og mun lægra hitastigi á heitu vatni en fólk á að venjast. Samkvæmt tölvupósti sem barst íbúum Hveragerðisbæjar 8. janúar verða enn frekari tafir á viðgerð þar sem panta þurfti nýjan mótör sem ekki er vitað hvenær kemur til landsins. Þrátt fyrir þetta eru íbúar, fyrirtæki og stofnanir að greiða fullt gjald, og jafnvel meira en það, þar sem aukið rennsli af vatni þarf með lægra hitastigi á heitu vatni til að halda húsum heitum. Þá hefur sundlaugin Lauga-

skarði verið lokað það sem af er þessu nýja ári með tilheyrandi tekjutapi og kostnaði fyrir sveitarfélagið, enda eru þar starfsmenn á launum en engir gestir nema í líkamsræktinni. Í fundargerðinni segir einnig að það sé nokkuð víst að ef slíkt ástand kæmi upp í Reykjavík, líkt og varað hefur í Hveragerði yrði gengið fljótt til verks. Þolinmæði Hvergerðinga er komin að þolmörkum gagnvart þessu heitavatsleysi síðustu ár. Bæjarráð felur bæjarstjóra að ræða við Veitur um fullnægjandi lausnir á öruggri afhendingu á

heitu vatni til Hvergerðinga og að komið verði til móts við Hvergerðinga um afsláttarkjör vegna óviðunandi hitastigs á afhentu vatni.

Í fréttum RÚV 9. janúar bentu Veitur á að íbúar fái meira heitt vatn þótt það sé ekki jafn heitt. Sólrún Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri Veitna, segir að á meðan þetta sé innan viðmiðunarmarka þá séu engin forðæmi fyrir því að veita afslátt svo lengi sem hitastig sé ekki undir 50 gráðum til langs tíma. Hvergerðingar eru mjög ósáttir við þessa ákvörðun Veitna.



Sími 482 1944
selfoss@prentmetodi.is
prentmetodi.is
Eyragvegur 25, Selfoss

Orlofshús Bárunnar stéttarfélags um páska 2025



Báran, stéttarfélag auglýsir orlofshús félagsins laus til umsókna fyrir páskavíkuna 16. apríl – 23. apríl 2025.

Umsóknarfrestur er frá 16. janúar kl.10:00 til 5. febrúar kl.10:00 nk.

Hægt er að sækja um á Félagsvef Bárunnar.

Úthlutun orlofshúsa mun liggja fyrir þann 7. febrúar nk.

Öllum umsóknum verður svarað.

Verð á vikuvöl í Þverlág 2, 4 og 6, Gryluhrauni og orlofsíbúð á Akureyri er 24.000 kr. (24 punktar).

Verð á vikuvöl í Þórisstöðum 1 og 2 er 28.000 kr. (24 punktar).

Leigutímabil er frá miðvikudegi til miðvikudags.

Íbúðir í Sóltúni 28 og Borgartúni 24 a. eru ekki úthlutað heldur verða í sveigjanlegri leigu eins og ávallt og opnar 26. febrúar.

Báran, stéttarfélag

Austurvegi 56, 800 Selfoss - sími 480 5000
baran@baran.is – <https://www.baran.is>



ENGJALAND 2, SELFOSSI

VANDAÐAR NÝJAR ÍBÚÐIR FYRIR 55 ÁRA OG ELDRI

Í húsinu eru 14 íbúðir og eru 8 íbúðir óseldar.

Fullbúnar þriggja herbergja íbúðir, 89,2 fm - 128 fm með sérgeymslum, bílastæði í bílakjallara fylgja sumum íbúðum. Viðhaldslétt staðsteypt hús. Öll sameign hin vandaðasta. Vandaðar innréttingar og tæki. Svalalokanir. Sér loftræstikerfi með varmaupphitun. Íbúðirnar eru tilbúnar til afhendingar og sýningaríbúð fullbúin.

Hægt er að bóka einkaskoðun hjá fasteignasölum samdægurs.

OPIÐ HÚS
LAUGARDAGINN
18. JANÚAR
KL. 13-14.



Snorri Sigurfinnsson
Löggiltur fasteignasali
Sími 864 8090
snorri@husfasteign.is



Loftur Erlingsson
Löggiltur fasteignasali
Sími 896 9565
loftur@husfasteign.is



Hafsteinn Þorvaldsson
Löggiltur fasteignasali
Sími 891 8891
hafsteinn@husfasteign.is



Steindór Guðmundsson
Löggiltur fasteignasali
Sími 862 1996
steindor@husfasteign.is



Ragna Valdis Sigurjónsdóttir
Löggiltur fasteignasali
Sími 846 6581
ragna@husfasteign.is



Wolt hefur sendingar á Stokkseyri og Eyrarbakka

Sendingarþjónusta Wolt, sem hóf starfsemi sína í Reykjavík í maí árið 2023, færir nú út kvíarnar austur fyrir fjall og hefur sendingar á Stokkseyri og Eyrarbakka.

Wolt hóf sendingar á Selfossi og í Hveragerði í nóvember árið 2023, en frá og með 8. janúar byrjaði sendingarþjónustan að senda mat frá Selfossi til Stokkseyrar og Eyrarbakka. Með því að fjölga afhendingarstöðum gefur Wolt íbúum bæjarfélaganna og nærliggjandi bæja meðfram veginum tækifæri til að njóta þægindanna sem sendingarþjónustan býður upp á.

Með stækkuninni geta viðskiptavinir á Stokkseyri og Eyrarbakka því pantað frá 16 vinsælum stöðum á Selfossi sem hafa ýmist verið lengi í uppáhaldi hjá heimamönnum eða eru nýir og alþjóðlegir. Tilgangur

framtaksins er að auka þægindi íbúa í bæjarfélögunum og styðja við aukinn vöxt veitingastaða og fyrirtækja á Selfossi.

„Við erum himinlifandi yfir því að bæta Stokkseyri og Eyrarbakka við hóp afhendingarstaða og gera íbúum þannig kleift að njóta síns uppáhalds matar frá Selfossi án þess að þurfa að fara úr húsi. Stækkunin er hluti af markmiði okkar sem snýr að því að tengja samfélög og styðja við staðbundin fyrirtæki um allt Ísland,“ segir Jóhann Már Helgason, forstöðumaður viðskiptastýringar hjá Wolt á Íslandi.

Steiktur kjúklingur mest pantaði maturinn

Á síðasta ári var steiktur kjúklingur vinsælasti rétturinn á Selfossi, en heilt yfir Ísland voru hamburgarar vinsælastir.

Þrír vinsælustu veitingastaðirnir (ekki í sérstakri röð) voru Menam Thai, KFC og Rösti. Allir ættu þó að geta fundið eitthvað við sitt hæfi þar sem veitingastaðir á Selfossi bjóða upp á hamburgara, fisk, núðlur, pasta og grillmat, svo fátt eitt sé nefnt.

Til viðbótar við að panta frá veitingastöðum geta íbúar Stokkseyrar og Eyrarbakka nú pantað snarl og matvöru frá Krambúðinni ásamt bakkelsi frá GK bakarí.

Hvernig fyrirkomulagið virkar:

Viðskiptavinir á Stokkseyri, Eyrarbakka og meðfram Eyrarbakkegi geta nú notað vefsíðu Wolt, wolt.com, eða smáforritið til að skoða og panta frá samstarfsaðilum á Selfossi.

Pantanir eru útbúnar á staðnum og sendar beint til viðskiptavina af fagligi Wolt-sendla.

Sendingartímar eru sérstaklega reiknaðir til að tryggja að matur skili sér fljótt og haldi gæðum.

Viðskiptavinir geta fylgst með sendingum í rauntíma í smáforritinu.



Iða Marsibil hættir sem sveitarstjóri

Samkomulag hefur náðst á milli sveitarstjóra Grímsnes- og Grafningshrepps og sveitarstjórnar um starfslok Iðu Marsibilar Jónsdóttur sveitarstjóra. Hún hefur gegnt embættinu frá árinu 2022.

Kemur þetta fram á heimasíðu Grímsnes- og Grafningshrepps.

Sveitarstjórn þakkar fráfarandi sveitarstjóra fyrir vel unnin störf í þágu sveitarfélagsins og óska henni velfarnaðar í framtíðinni á heimasíðu sinni.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps mun á næstu dögum taka ákvörðun um hvernig verður staðið að ráðningu nýs sveitarstjóra.

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

BRACN AF VINÁTTU!
Fæst hjá **BYKO** Selfossi

PÚLSINN
Raf & kæliþjónusta
Kæli & Frystikerfi
Viðgerðir · Þjónusta
Nýsmíði · Rafmagn
Sími: 760-5670 · pulsinn@pulsinn.com

ÖKULAND
Endurmenntun
atvinnubílstjóra
Akstursþjálfun
Meirapróf
okuland.is

LAGNIR
ALHLIÐA PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR
Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is

**VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf**
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmiði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

LAGNALAND
Áreiðanlegir pípulagningaverktakar
NÝLAGNIR - HITAKERFI
FRÁRENNSLI - VIÐGERÐIR
Sími 769 0001
lagnaland@lagnaland.is

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti
Bilverk BA
Þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

Pípulagnir Júlla
Persónuleg þjónusta
Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir
Sími 772 1456 - ornja@btnet.is - www.pipulagnirjulla.is

Lagnaþjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

NÝTT
Vinnuvélanámskeið
á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is

**ALHLIÐA
BYGGINGA-
VERKTAKAR**
848 0964 899 0979
GÍSLI ÖRN
GBHOUSEHF@GMAIL.COM
GB HÚS
SÍMI: 848-0964